



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna (US210216).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 8. september sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins úr borgarráði frá 22. júlí 2021:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á slóðum þannig að hægt verði einnig að fara með þriggja hjóla barnakerrur um þær. Þessir slóðar (brautir) sem verið er að steypa í nýjum hverfum eru hefðbundnir með tveimur steiptum brautum og tröppum á milli og er því útilokað að fara um þær með þriggja hjóla kerru.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann sama dag.

Umsögn:

Við hönnun stíga er leitast við að finna leiðir sem eru færar öllum vegfarendum. Tröppur með tveimur sporum/brautum eru hefðbundin lausn við brattar aðstæður, þar sem stígur við hlið trappa væri of brattur, oft til að styttu leið þeirra sem ráða við að ganga tröppur.

Skrifstofunni er ekki kunnugt um að þær brautir sem vísað er til skapi óviðráðanlegan vanda fyrir þriggja hjóla vagna, þar sem hefðbundið verklag við notkun slíkra brauta er að halda vagni sem næst láréttum á leið upp og niður, þá með því að bakka á leið upp. Hætt er við að tröppur verði erfiðar yfirferðar fyrir gangandi vegfarendur ef þriðja sporinu er bætt í miðjar tröppurnar.

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri

**BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna**

T-póstur

Málsnúmer: USK2021080011

Bréfalyklar: 5.4 Göngu- og hjólastígar

Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 12.08.2021

Dagsetning skjals: 12.08.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

| | | | |
|--------------|---------------------------|---------------|---------------|
| Skjalalykill | 5.4 Göngu- og hjólastígar | Málsnúmer | USK2021080011 |
| Móttökudags. | 12.08.2021 | Skráð í GoPro | 12.08.2021 |

| Viðtakandi | Sendandi |
|-----------------|-------------------|
| Deild (Ráðhúss) | Fyrirtæki/stofnun |
| Starfsmaður | Nafn |
| | Kennitala: |

| | | |
|---------------|----------|-----------------|
| Tegund skjals | T-póstur | Fyrir Borgarráð |
| Efnisorð | | |

Sent:

Sent til:

Notandi: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is

Dagsetning: 12.8.2021 10:01:45

Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>

Efni: Fw: BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna - R21070165

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna er send skipulags- og samgönguráði til meðferðar.

Í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði skipulags- og samgönguráðs og leggja skal hana fram á þeim vettvangi til afgreiðslu.

Ekki þarf að upplýsa borgarráð um frekari vinnslu málsins

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

olof.magnusdottir@reykjavik.is

R21070165

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna - R21070165

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgengismál þriggja hjóla barnavagna - R21070165


Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að gerðar verði breytingar á slóðum þannig að hægt verði einnig að fara með þriggja hjóla barnakerrur um þær. Þessir slóðar (brautir) sem verið er að steypa í nýjum hverfum eru hefðbundnir með tveimur steiptum brautum og tröppum á milli og er því útilokað að fara um þær með þriggja hjóla kerru.



- Horft frá Úlfarsárbr. að Lofnarbrunni.jpg



- Frá Lofnar að Sifjar.jpg



Horft frá Úlfarsárbraut
að Lofnarbrunni



Horft frá Lofnarbrunni
að Sifjarbrunni